



# Nemenda handbók 2009

## HÁSKÓLANÁM

---

### Auðlindadeild

- Búvísindi
- Hestafræði

### Umhverfiseild

- Náttúra og umhverfi - almenn náttúrufræði
- Náttúra og umhverfi - náttúrunýting
- Skógfræði og landgræðsla - landgræðsla
- Skógfræði og landgræðsla - skógfræði
- Umhverfisskipulag

## FRAMHALDSSKÓLANÁM

---

### Starfsmenntadeild

- Blómaskreytingar
- Búfræði
- Garðyrkjuframleiðsla
- Skógur og umhverfi
- Skrúðgarðyrkja

[www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)



## Ágæti nýnemi

Velkominn til náms við Landbúnaðarháskóla Íslands. Eins og alkunnugt er þá hvílir LbhÍ á gömlum merg en hefur auðvitað tekið stakkaskiptum með nýjum námsbrautum og fjölbreyttari námsleiðum.

Starfsemi LbhÍ er öll í örum vexti - og þá ekki síst rannsóknastarfið enda getum við með stolti talið okkur til rannsóknaháskóla en um 60% af umfangi starfseminnar eru rannsóknir.

Við leggjum áherslu á góðar upplýsingar til nýnema og að þú finnr þig frá fyrsta degi sem virkan þátttakanda í samfélagi skólans. Það er von okkar að í bókinni getir þú fundið margvíslegar hagnýtar upplýsingar um skipulag og staðhætti og komist þannig sem allra fyrst „inn í málin“.

Góðar kveðjur

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Vagnir Sigurðsson'.

# Þjónusta við nemendur

## Kennsluskrifstofa

Kennslustjóri annast daglega verkstjórn og forstöðu kennsluskrifstofu, sem sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrágerð og annað sem varðar skipulag á framkvæmd kennslu, próftöflugerð, prófahald, rafræna ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina og vottorða o.fl. Á kennsluskrifstofu starfar einnig alþjóðafulltrúi sem annast þjónustu við erlenda gestastúdenta og stúdenta LbhÍ sem sækja nám sitt að hluta til erlendra menntastofnana. Alþjóðafulltrúi er staðgengill kennslustjóra í fjarveru hans. Skólafulltrúar annast almenna móttöku, skráningar o.fl.

## Námsbrautarstjórar

Námsbrautarstjórar annast faglega umsjón námsbrauta og hafa eftirlit með framkvæmd kennslu á viðkomandi námsbraut og frumkvæði að þróun og gæðastarfi á vettvangi brautarinnar. Námsbrautarstjóri annast fagleg

samskipti við kennara og nemendur sinnar brautar.

## Kennslunefnd

Kennslunefnd er skipuð aðstoðarrektor kennslumála, sem er formaður; kennslustjóra, námsbrautarstjórum og þremur fulltrúum nemenda, úr starfsnámi, grunnnámi og rannsóknanámi. Staðgengill kennslustjóra er ritari nefndarinnar. Kennslunefnd fjallar um kennsluskrár fyrir einstakar námsbrautir, mótar reglur um skráningu og eftirlit með framvindu náms, skilgreinir námskröfur, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi, fylgist með gæðum náms og kennslu og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist í samvinnu við yfirstjórn háskólans. Jafnframt fjallar kennslunefnd um málefni sem varða tæknileg atriði í námi og kennslusamstarfi við aðrar háskólastofnanir. Kennslunefnd sker úr um ágreiningsmál sem upp kunna að koma í framkvæmd kennslu eða námsmats.

## Stundatafla

Kennslustjóri býr til stundatöflur og eru þær birtar þremur til fjórum vikum áður en kennsla hefst (með fyrirvara um breytingar). Stundaskrár einstakra námskeiða er að finna á heimasíðu skólans undir Nemendur/Vef-Stefanía/Námskeið. Einnig eru þær sendar á umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs.

## Skólaárið

- Kennsla á garðyrkjubrautum hefst í lok ágúst og stendur fram í lok apríl.
- Kennsla í búfræði á fyrsta ári hefst um mánaðamótin ágúst/september og lýkur í mars/apríl, en þá tekur við verknám á viðurkenndu verknámsbýli.
- Á öðru ári í búfræði hefst kennslan í lok september/byrjun október og lýkur í maí.
- Á háskólabrautum hefst skólaárið um 20. ágúst og lýkur í maí. Skólavetrinum er skipt niður í fjórar annir sem eru sjö vikur hver, tvær annir að hausti og tvær að vori. Eftir hverja önn eru ein til tvær prófavikur.

## Kennslubækur

Kennslubækur á garðyrkjubrautum eru

seldar á Reykjum. Kennslubækur í búfræði eru seldar í bóksölnunni í Rannsóknahúsinu á Hvanneyri. Erlendar bækur sem eru kenndar á námskeiðum í háskóladeildum eru seldar hjá Bóksölu stúdenta v/Hringbraut. Á heimasíðu Bóksölnunnar ([www.boksala.is](http://www.boksala.is)) er sérflipi fyrir LbhÍ undir kennslubókalistar í vinstri dálki. Sími: 570 0777. Afgreiðslutímar: Kl. 9-18 virka daga á veturna. Hægt er að fá bækurnar sendar í póströfu eða í pósti upp á Hvanneyri. Innlendar bækur eru að öllu jöfnu hægt að nálgast í almennum bókabúðum.

## Upplýsingakerfið Stefanía

Upplýsingakerfið Stefanía er nemendabókhaldskerfi skólans og heldur utan um allar upplýsingar er varða nemendur skólans; einkunnir, stundaskrár, próftöflur, bókalista, náms- og kennsluskrár ásamt námskeiðslýsingum.

## Námsvefurinn [www.skoli.is](http://www.skoli.is)

Námsvefurinn [www.skoli.is](http://www.skoli.is) er vefur þar sem hver og einn áfangi er settur upp með kennurum og nemendum. Þar geta nemendur og kennarar átt samskipti varðandi námið.

Á skoli.is birta kennarar kennsluáætlanir, verkefni og annað sem til fellur og auk þess geta nemendur skilað þar verkefnaúrlausnum.

### Próftafla

Próftöflur skólans eru birtar fjórum vikum fyrir áætlaðan próftíma. Þær eru birtar á heimsíðu skólans undir „Nemendur/Próftafla“.

### Kennslumat

Þremur vikum fyrir áætlaðan próftíma er opnað fyrir kennslumat fyrir hvern áfanga en það er liður í gæðastarfi skólans. Í kennslumatinu meta nemendur gæði kennslu með formlegum hætti á þar til gerð rafræn eyðublöð. Nemendur eru beðnir um að vera virkir í þessu starfi.

### Próf

Prófstaðir eru fyrir staðarnemendur á Hvanneyri og Reykjum. Í sérstökum tilfellum getur kennsluskrifstofa heimilað annað. Sjúkra- og endurtökupróf eru haldin áður en skólahald hefst í janúar og ágúst. Próf eru haldin í lok hverrar annar. Tvisvar að hausti og tvisvar að vori í háskóladeildum

en einu sinni að hausti og einu sinni að vori á starfsmenntabrautum. Fjarnemar geta fengið að taka próf á prófstöðum í sinni heimabyggð á eigin kostnað. Eldri próf úr háskóladeildum og búfræði eru varðveitt á bókasafninu á Hvanneyri. Eldri próf úr garðyrkjubrautum eru á bókasafninu á Reykjum.

### Sjúkra- og endurtökupróf

Nemendur þurfa að skrá sig í sjúkra- og endurtökupróf sem eru í boði hverju sinni. Yfirstjórn Lbhl ákvað varðandi endurtökupróf að nemendur þyrftu ekki að greiða fyrir fyrsta próf - ef það væri þeytt á reglulegum prófatíma þegar kennslu lýkur í viðkomandi áfanga.

Sjúkra- og endurtökupróf sem eru tekin í janúar fyrir haustönn eða í ágúst fyrir vorönn, kosta kr. 3.000. Þriðja og síðasta endurtökupróf, sem og öll aukapróf utan venjulegs prófatíma, kostar kr. 6.000.

### Einkunnir

Kennarar hafa 11 virka daga til að fara yfir prófúrlausnir úr lokaprófum. Einkunnir eru settar fram með einum aukastaf. Kennarar eiga

að birta einkunnir fyrir verkefni sem gilda sem hluti lokaeinkunnar á [www.skoli.is](http://www.skoli.is) eða beint til nemenda. Ef það hefur misfarist verður nemandi að hafa samband við viðkomandi kennara.

### Vottorð

Öll vottorð varðandi skólavist eru afgangið frá kennsluskrifstofu.

### Úrsögn úr áföngum

Nemendur þurfa að segja sig úr áföngum í síðasta lagi sjö dögum fyrir próf til að það hafi ekki áhrif á námsferil þeirra.

### Úrsögn úr skóla

Ef nemandi hyggst hætta námi við LbhÍ er hann vinsamlega beðinn um að láta kennsluskrifstofu vita.

### Mat á fyrra námi

Ef nemandi vill fá áfanga úr fyrra námi metinn þarf hann að senda allar upplýsingar um áfangann til kennslu- og brautastjóra. Þeir munu leggja erindið fyrir kennslunefnd.

### Jöfnunarstyrkir

Þeir nemendur á framhaldsskólastigi, sem fá ekki lán hjá LÍN, geta sótt um styrk til jöfnunar námskostnaðar. Umsóknina á að senda til LÍN. Allar upplýsingar er að finna á [www.lin.is](http://www.lin.is) en sækja skal um fyrir 15. október ár hvert.

### Ásgarður

Í Ásgarði eru flestar kennslustofur LbhÍ, matsalur og skrifstofur. Húsið er opið virka daga frá kl. 7:30 til kl. 17:00 en lokað um helgar. Tölvustofur eru alltaf læstar. Nemendur geta fengið aðgangskubb sem gengur að útihurð og tölvustofum hjá húsverði gegn tryggingagjaldi.

### Tölvumál

Nemendur fá úthlutað tölvupóstfangi frá skólanum. Hægt er að komast inn á vefviðmót póstisins á slóðanum <http://vefpostur.lbhi.is> Einnig er hægt að tengja netfangið við almennt tölvupóstforrit á einkatölvum. Nemandi slær inn „username“, sem er netfangið, og þar á eftir kemur lykilorð sem nemandi fær úthlutað.

## Vistun gagna

Nemendur hafa aðgang að sameiginlegu drifi (M-drif) með kennurum, sem er ætlað undir gögn sem þeir vilja deila með öðrum. Ekki er ætlast til að nemendur visti gögn annars staðar en í þeirri möppu sem umsjónamenn tölvumála hafa útbúið fyrir þá eða í möppu sem hefur verið útbúin af kennara.

Nemendur hafa einnig aðgang að H-drifi sem er heimadrif nemandans. Um er að ræða 1 GB vistunarpláss sem enginn annar hefur aðgang að nema tölvufólk. Í ákveðnum tilfellum er hægt að sækja um stærra vistunarsvæði.

Ef nemandi notar tölvu skólans koma M-drif (sameiginlegt) og H-drif (einkadrif) sjálfvirkt inn.

Þeir nemendur, sem nota eigin tölvu, þurfa að „mappa“ inn sérstaklega bæði drifin.

Leiðbeiningar um að tengja („mappa“) netdrif: Þú ferð inn á „My Computer“, síðan í „tools“ og velur „Map Network drive“. Í efri glugganum velur þú „H“:

Í neðri glugganum skrifar þú \\lbhi.is\nemendur\$nem.xxx (Þar sem stendur xxx setur þú afganginn af notendanafninu þínu). Síðan blikkar þú þar sem stendur „log on as a

different user“. Í efri gluggann skrifar þú nem.xxx@lbhi.is og í neðri gluggann lykilorðið þitt.

Velur síðan „ok“ – og athugar hvort það sé ekki örugglega hakað við „reconnect at logon“.

Og síðan „ok“ aftur. Þá ættir þú að tengjast heimasvæðinu þínu.

Þú gerir aftur eins þegar þú tengist millidrifinu nema þú velur „M“ í stað „H“ og skrifar \\lbhi.is\millidrif\$

Athugið að vistunarsvæði eru eingöngu fyrir gögn nemenda. Ekki er heimilt að vista ólöglega fengið efni á netþjónum skólans né hugbúnað.

## Þráðlaust samband

Þráðlaust netsamband er í skólahúsunum.

Þetta netsamband er læst og þegar tölva er fyrst tengd inn á þráðlausa netsambandið þarf að hægrismella á þráðlausa netmerkið neðst í hægra horninu og velja „View Available Wireless network“.

Þá eigið þið að fá upp glugga þar sem þið getið valið samband sem heitir LBHI. Veljið það samband og smellið á „connect“. Þá fáið

þið upp glugga þar sem þið sláið inn „Network key“ í báðar línurnar og veljið „connect“.  
Netlykill er fánlegur hjá starfsfólki tölvumála

### Vírusvarnir

Nemendum er ekki heimilt að tengja tölvur sínar við netkerfi skólans nema þeir séu með samþykktar og uppfærðar vírusvarnir. Vírusvarnarhugbúnaðurinn verður að innihalda vörn fyrir vírusum, „Trojuhestum“, „grayware“ og njósnahugbúnaði.

Þeir nemendur, sem verða uppvisir af því að vera með smitaðar vélar, mega búast við því að lokað verði á aðgang þeirra að netkerfinu án fyrirvara.

Nánari upplýsingar um tölvumál og almennar reglur um notkun tölvubúnaðar og aðgang að netkerfi Landbúnaðarháskóla Íslands er að finna á heimsíðu skólans [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) undir “Tölvuþjónusta”.

### Tölvuver

Tölvuver skólans eru tvö og eru staðsett í kjallara Ásgarðs. Þar að auki eru tölvur á bókasafni og þráðlaust netsamband er í Ásgarði, bókasafni, Gamla skóla,

Rannsóknahúsi og Bútækni húsi. Á Reykjum er þráðlaust netsamband í skólahúsi og nemendatölvur á bókasafni.

Nemendur fá öll lykilorð og nánari upplýsingar við komu í skólann.

### Prent- og ljósritunarkvótar

Til þess að geta notað prentara og ljósritunarvélar, þurfa nemendur að kaupa kvóta fyrir fram hjá gjaldkera skólans á Hvanneyri eða á kennsluskrifstofu. Þau blöð, sem eru prentuð, eru tekin af kvóta þess notenda sem skráður er inn í tölvuna. Því er nauðsynlegt fyrir notendur að skrá sig út af tölvum skólans svo að aðrir prenti ekki út eða ljósriti á þeirra kostnað eða skoði og noti gögn annarra.

Kostnaður við útprentun er kr. 32 í lit pr. hlið A4 og kr. 16 í svörtu pr. A4 síðu. Það kostar kr. 10 að prenta einn sm á „plotter“. Einnig geta nemendur prentað út skjöl í A3. Prentarar á Hvanneyri eru í Ásgarði í kjallaraherbergi á móti tölvuverum, og við vinnusal UMSK á 3 hæð. Ljósritunarvélar eru á bókasafni á reykjum og á 3 hæð í Ásgarði á Hvanneyri.

Á Reykjum er ljósritunar og prentkvóti seldur á bókasafni en þar hafa nemendur aðgang að ljósritunarvél og prentara á bókasafni.

### Reglur um tölvunotkun

Allir notendur að tölvubúnaði, tölvuneti, gögnum eða annarri tölvuþjónustu hjá LbhÍ, bera ábyrgð á notkun sinni og skulu auðkenna sig rétt í öllum samskiptum á neti skólans.

Notendum tölvubúnaðar LbhÍ er skylt að kynna sér þær reglur sem háskólaráð eða umsjónamenn tölvukerfa setja, ásamt reglum um notkun RH-netsins. Umsjónarmenn tölvukerfa áskilja sér rétt til að loka aðgangi aðila, sem brjóta þessar reglur, og tilkynna meint brot. Reglurnar í heild sinni má sjá á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) undir „Tölvuþjónusta – umgengisreglur“.

Tölvuaðstoð er hægt að fá með því að senda póst á netfangið: [hjalp@lbhi.is](mailto:hjalp@lbhi.is)

### Nemendafélagið

Nemendafélag LbhÍ sér um hagsmuni nemenda. Einn fulltrúi nemenda situr í kennslunefnd. Nemendafélagið sér um að halda uppi virku félagslífi. Ýmsir

klúbbar eru starfræktir og má þar nefna útivistarklúbb, lista- og menningarklúbb, skógræktarfélag og hrossaræktarfélag. Á heimasíðu Nemendafélagsins, [www.nlbh.is](http://www.nlbh.is) má sjá myndir úr félagslífinu, fréttir og viðburðadagatal. Skemmtinefnd sér t.d. um að halda fjárhúsgrill, Viskukúna og árshátíð. Atburðir eru auglýstir, m.a. á vefpóstinum og heimsíðu Nemendafélagsins.

### Bókasafn

Bókasafn Landbúnaðarháskólans er opið alla virka daga kl. 08:00-16:00. Bókasafnsfræðingur veitir aðstoð við upplýsingaleit. Boðið er upp á millilánasafn sem felur í sér að bókaverðir útvega rit sem bókasafnið á ekki frá innlendum og erlendum bókasöfnum. Bókakostur safnsins er góður og einnig er þar úrval fræðitimarita. Þar má líka finna eldri próf í möppum. Efni bókasafnsins er skráð í samskrá bókasafna á [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is). Vefur bókasafnsins er: [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) - bókasafn. Þar er að finna tengla í ýmsar gagnlegar skrár og tæki á netinu. Bókasafn LbhÍ á Hvanneyri er á annarri hæð í Ásgarði. Bókasafnið var áður í kjallara

## Nokkrir starfsmenn sem hafa mikil samskipti við nemendur



**Álfheiður Marinósdóttir**, kennslustjóri, hefur yfirumsjón með flestu sem viðkemur nemendum og kennslu skólans. Hún hefur aðsetur á kennsluskrifstofunni í Ásgarði. S. 433 5020  
alfheidur@lbhi.is



**Guðrún Þórðardóttir**, bóksafnsfræðingur, hefur umsjón með bóksafninu á Reykjum og Keldnaholti. Hún er með aðsetur á Reykjum. S. 433 5306  
gudrun@lbhi.is



**Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir**, námsráðgjafi, er með aðsetur á 1. hæð í Ásgarði. S. 433 5084 / 843 5384  
halldora@lbhi.is



**Ingibjörg Garðarsdóttir** er fulltrúi á skrifstofu skólans á Reykjum. Ingibjörg sér um bóksölu og alla almenna þjónustu við nemendur á Reykjum. S. 433 5303  
ingibjorg@lbhi.is



**Lárus S. Ingibergsson**, húsvörður, hefur umsjón með Nemendagörðum, heimavist og byggingum skólans. Lárus afhendir lykla að íbúðum og herbergjum. Skrifstofa Lárusar er í Ásgarði. S. 860 7303  
larus@lbhi.is



**Oddný S. Jónsdóttir** er á skiptiborði skólans á Hvanneyri. Sími Lbhí er 433 5000.



**Steinunn S. Ingólfssdóttir**, bókasafnsfræðingur, er á bókasafninu kl. 8-16:00 virka daga. Steinunn hefur aðsetur á 2. hæð í Ásgarði. S. 433 5007  
steinunn@lbhi.is



**Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir** er alþjóðaafulltrúi og veitir nemendum m.a. upplýsingar um erlent samstarf Lbhí og styrki til nemendaskipta. Þorbjörg er með skrifstofu í Ásgarði. S. 433 5019 / 843 5319  
tvk@lbhi.is



**Þórunn Edda Bjarnadóttir**, skólafulltrúi, annast skráningu í nemendabókhald, sölu á prent- og ljósrítunarkvóta, útgáfu vottorða, próftöflugerð og ýmislegt fleira. Þórunn Edda er með skrifstofu í Ásgarði. S. 433 5039  
thorunne@lbhi.is



**Vigdís Guðjónsdóttir**, kerfisstjóri, aðstoðar við nettengingar og uppsetningu vírusvarna fyrir nemendur. Vigdís hefur aðsetur í Ásgarði. Netfang fyrir tölvuhjálp er hjalp@lbhi.is S. 860 7311. vigdis@lbhi.is.



Skólastjórahússins en þar er nú lessalur með þráðlausri nettengingu og aðstöðu til hópvinna. Nemendur geta fengið lykil að lessal utan opnunartíma. Þar eru einnig tölvur, skanni og prentari. Starfsmaður er Steinunn Ingólfsdóttir, bókasafnsfræðingur. S. 433 5007. Netfang: steinunn@lbhi.is.

Á Reykjum er bókasafnið á annarri hæð fyrir ofan anddyri skólabyggingarinnar. Á bókasafninu er lesaðstaða, aðgangur að tölvum, ljósritunarvél, prentara og skanna. Starfsmaður er Guðrún Þórðardóttir, bókasafnsfræðingur. S. 433 5306. Netfang: gudrun@lbhi.is.

### Mötuneyti

Mötuneyti er í Ásgarði. Þar er hægt að kaupa léttan morgunverð, kaffi og hádegisverð. Mötuneytið er opið frá kl. 9.00 til 15.00 virka daga. Ekki þarf að panta fyrirfram nema um hópa sé að ræða. Matarmiðar eru seldir í mötuneytinu. Matsalurinn er ávallt opinn nemendum og hægt að setjast þar inn og borða eigið nesti. Í matsalnum er þráðlaust net og þar geta nemendur lært eða unnið að hópverkefnum.

### Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi LbhÍ er með aðsetur á fyrstu hæð í Ásgarði. Nemendur geta fengið ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, markmiðs- og áætlanagerð og námstækni svo eitthvað sé nefnt. Í vetur verður efnt til námskeiðs í námstækni, gerð ferilskráa og atvinnuumsókna – einnig verður fjallað um það hvernig nemendur geta tekist á við prófkvíða.

Nánari upplýsingar um viðtalstíma er að finna á heimasíðu skólans en einnig er hægt að senda tölvupóst með fyrirspurnum og panta tíma á halldora@lbhi.is

# Hvanneyri

Hvanneyri er vaxandi þéttbýli sem á sér langa sögu. Árið 1889 var stofnaður búnaðarskóli á Hvanneyri. Á 20. öldinni eflidist skólastarf og búskapur á staðnum og árið 1947 hófst háskólakennsla í búfræði, Framhaldsdeildin, við skólann, síðar Búvísindadeild. Það var fyrsta háskólanám hérlendis, sem fór fram utan Háskóla Íslands. Skólanum var breytt með lögum árið 1999 í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Námsbrautum var þá fjölgað og m.a. hafin kennsla í umhverfisskipulagi. Í upphafi árs 2005 tóku svo gildi ný lög, um Landbúnaðarháskóla Íslands, og féll þá öll starfsemi skólans undir þau ásamt Rannsóknastofnun landbúnaðarins (Rala) og Garðyrkjuskólanum að Reykjum. Margar þjónustustofnanir tengdar landi og landbúnaði starfa nú á Hvanneyri. Þar er einnig grunn- og leikskóli o.fl. Íbúar með fasta búsetu á Hvanneyri eru liðlega 300.

## Leikskólinn Andabær

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri í Borgarbyggð er þriggja deilda leikskóli. Árið 2005 fékk Andabær Grænfánann afhentan og varð þar með umhverfisvænn leikskóli. Í byrjun árs 2009 flutti leikskólinn í nýtt húsnæði. Að jafnaði eru börn tekin inn í leikskólann 18 mánaða. S. 437 0120. [andabaer@borgarbyggd.is](mailto:andabaer@borgarbyggd.is)

## Grunnskóli Borgarfjarðar - Hvanneyri

Á Hvanneyri er grunnskóli fyrir börn í 1.- 5. bekk. Eldri nemendum er ekið í Kleppjárnsreykjaskóla í Reykholtssdal, sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Hvanneyri. Stjórnendur: Skólastjóri s. 435 1171, aðst. skólastj. s. 435 1173. Kleppjárnsreykir, kennarastofa s. 435 1172. Hvanneyri, deildarstjóri s. 437 0009 og kennarastofa s. 437 0009.

### Pöbbinn

Pöbbinn er vinsæll samkomustaður og þar geta gestir m.a. horft á íþróttaviðburði á stórum skjá, farið í „pool“ og pílukast.

### Moltan

Við Nemendagarðana (fjölbýlishúsin) eru sérstakar tunnur fyrir lífrænt sorp. Lífræna sorpið er sett í Moldu sem er mótordrifin moltugerðartunna.

### Gámasvæði

Rétt hjá Hvanneyri er gámasvæði íbúanna. Þar má losa almennt sorp, timburúrgang, málmúrgang, rafgeyma, dekk o.fl.

### Ullarselið

Ullarselið er verslun og vinnustofa áhugafólks af Vesturlandi um ullariðn, þar sem gömul vinnubrögð við ullarvinnslu eru notuð. Annað slagið eru haldin spunakvöld þar sem nemendur eru velkomnir að koma og spreyta sig í að spinna úr ull. Á veturna er opið á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum frá kl. 13–18. S. 437 0077. [www.ull.is](http://www.ull.is)



## Landbúnaðarsafn Íslands

Landbúnaðarsafn Íslands er að stofni til frá 1940 en þar er safn gamalla búvéla og verkfæra. Safninu er ætlað að styðja við nám, kennslu og rannsóknir við Lbhí. Það er opið kl. 12–17 á sumrin en á veturna eftir samkomulagi. Umsjónarmaður safnsins er Bjarni Guðmundsson. S. 433 5062 [www.landbunadarsafn.is](http://www.landbunadarsafn.is)

## Hvanneyrarkirkja

Á Hvanneyri er bændakirkja sem heyrir undir Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastdæmi. Núverandi kirkja var reist og vígð árið 1905 og er eign Landbúnaðarháskólans. Sóknarprestur er séra Flóki Kristinsson. Unnt er að ná í Flóka í síma 846 2020 eða með tölvupósti [floki@emax.is](mailto:floki@emax.is)

## Freyjukórinn í Borgarfirði

Freyjukórinn er kvennakór sem var stofnaður 1990. Í Freyjukórnum eru um 30-40 konur. Upplýsingar um Freyjukórinn má finna á [www.gigjan.is](http://www.gigjan.is). Einnig má fá nánari upplýsingar hjá Hrefnu í síma 899 1558 eða [husafell@husafell.is](mailto:husafell@husafell.is)

## Nemendagarðar

Nemendagarðarnir á Hvanneyri eru sjálfseignarstofnun sem býður upp á húsnæði fyrir nemendur og geta þeir leigt einstaklingsherbergi, einstaklingsíbúðir og tveggja til fjögurra herbergja íbúðir. Allar upplýsingar um verð og stærð húsnæðis á vegum garðanna er að finna á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) undir „háskólaborpið - húsnæði“. Gæludýrahald er óheimilt. Á nemendagörðunum ríkja ákveðnar reglur sem íbúar eru hvattir til að kynna sér.

## Rentus.is

Fyrirtækið Rentus leigir út nokkur parhús á Hvanneyri. Þessi starfsemi er ekki á vegum Lbhí. Síminn er 460 6100. Sjá einnig heimasíðuna [www.rentus.is](http://www.rentus.is)



## Húsnæði í einkaeign

Stundum leigja eigendur húsnæðis á Hvanneyri nemendum herbergi og íbúðir. Auk þess eru þess dæmi að nemendur leigi húsnæði í Borgarnesi. Í mörgum tilvikum láta eigendur kennsluskrifstofu vita um laust húsnæði eða/og auglýsa það í Skessuhorni ([www.skessuhorn.is](http://www.skessuhorn.is)) svo dæmi séu tekin.

### Leikfimiúsið

Íþróttafélagið hefur lykil að Íþróttahöllinni á Hvanneyri en þar eru reglulegar æfingar í körfubolta, bandý og fleiru.

### Líkamsrækt

Líkamsræktarstöð er í kjallara Ásgarðs. Kort í líkamsræktina fást hjá gjaldkera Nemendafélagsins: studentarad@lbhi.is. Nánari upplýsingar um líkamsræktina og verð er að finna á heimasíðu nemendafélagsins.

### Blak

Ungmennafélagið Íslendingur stendur fyrir blakæfingum fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Til að fá þar rétt til þátttöku þarf viðkomandi að ganga í Ungmennafélagið.

### Hvannirnar

Blaklið kvenna heitir Hvannirnar og æfir það tvisvar í viku. Í lok vetrar er farið á öldungamót BLÍ en það mót er einungis fyrir 30 ára og eldri en allir aldurshópar geta



tekið þátt í hraðmótum yfir veturinn. Öllum konum er velkomið að æfa. Upplýsingar um blakæfingarnar gefur stjórni blakliðsins: Fjóla Benediktsdóttir, fjola@emax.is, Unnur Óskarsdóttir, unnur@

lbhi.is, og Vigdís Guðjónsdóttir, vigdis@lbhi.is.

### Njólarnir

Blaklið karla heitir Njólarnir en þeir æfa einu sinni í viku á Kleppjárnsreykjum. Upplýsingar gefur Snorri Sigurðsson snorri@lbhi.is

### Ungmennafélagið

Ungmennafélagið Íslendingur Í Andakíl, Bæjarsveit og Skorradal er starfrækt Ungmennafélagið Íslendingur. Ungmennafélagið stendur fyrir íþróttastarfi ungliða og annað hvert ár setur leikdeildin upp

leikrit en auk þess eru ýmsar hefðbundnar skemmtanir haldnar á vegum félagsins. Til að skrá sig í félagið og fá nánari upplýsingar má hafa samband við Sólrúnu Höllu, solla@vesturland.is.

### Karлакórinn Söngbræður

Karлакórinn Söngbræður starfar í Borgarfirði. Hann æfir einu sinni í viku og er kórinn opinn öllum karlmönnum í héraðinu, ungum sem öldnum. Upplýsingar um Söngbræður veitir Gunnar Örn Guðmundsson. [gunnarg@emax.is](mailto:gunnarg@emax.is).

### Bridgefélag Borgarfjarðar

Spilar einu sinni í viku. Upplýsingar veitir Jón Eyjólfsson síma 893 6538.

### Netsamband - utan skólans

Fyrir þá sem búa ekki á nemendagörðum eða heimavist eru tvö fyrirtæki sem sjá um netsambönd á Hvanneyri en þau eru: Nepal ([www.nepal.is](http://www.nepal.is)) og Tal ([www.tal.is](http://www.tal.is)).



### Hvanneyrarfjós

Fjósið á Hvanneyri er kennslu- og rannsóknafjós, en það er lausagöngufjós fyrir 60 kýr auk kvígna í uppeldi. Nemendur eru velkomnir í heimsókn á aðalvinnutímum sem eru kl. 7–9 á morgnana og 16–19 síðdegis. Ekki er ætlast til að fólk komi í fjósið á öðrum tímum nema í samráði við starfsmenn. Plastskóhlífar eru við innganginn fyrir gesti og er fólk beðið að gæta fyllsta hreinlætis í fjósinu.

### Fjárhúsið á Hesti

Fjárhúsið á Hesti er kennslu- og rannsóknafjárhús. Á Hesti eru um 700 kindur. Nemendur eru velkomnir í heimsókn yfir innistöðutíma ána á aðalvinnutímum sem eru kl. 8–10 á morgnana og 17–18 síðdegis. Ekki er gert ráð fyrir heimsóknum á öðrum tímum nema í samráði við starfsmenn. Plastskóhlífar fyrir gesti eru við innganginn.



### Mið-Fossar

Á Mið-Fossum er hesthúsaðstaða fyrir 80 hross sem flest eru í eins hests stíum. Þar er einnig reiðhöll, sem er 30x60m og keppnisvellir. Mið-Fossar eru í 7 km fjarlægð frá Hvanneyri. Þeir sem leigja pláss fyrir hesta á Mið-Fossum, þurfa sjálfir að moka undan sínum hestum og viðra en séð er um allar gjafir. Hagagöngu er hægt að fá eftir samkomulagi. Upplýsingar um hesthúsapláss gefur Helgi Gissurarson í síma 843 5362. Netfang: [helgig@lbhi.is](mailto:helgig@lbhi.is)

### Hagaganga

Á Hvanneyri og á bænum Hesti geta nemendur og staðarbúar fengið aðstöðu fyrir hross í hagagöngu. Búrekstrarsvið gefur upplýsingar um hagagönguna.



Á Hvanneyri er skógarrjóður sem gengur undir nafninu „Skjólbeltið“. Það er tilvalinn staður fyrir hópa eða fjölskyldur til útiveru og leikja. Gönguferð í fjósið er skemmtileg fyrir yngri kynslóðina.

Stutt er að aka t.d. inn í Skorradal en þar eru fallegar gönguleiðir og þar er að finna m.a. trjátegundasafn. Einnig eru mörg fjöll í nágrenninu sem hægt er að ganga upp á t.d. Hestfjallið, Hafnarfjall, Grábrók og jafnvel Skessuhornið ef menn hugsa hátt.

Kjörin kvöldganga væri til dæmis niður á engjarnar fyrir neðan Gamla skóla þar sem hægt er að ganga niður að Hvítánni og á leiðinni er hægt að njóta fuglalífsins sem er með fjölbreyttara móti á Hvanneyri. Brandendur eru nýlegir landnemar á Íslandi en þær má sjá niðri við Hvítá og einnig upp með Andakilsánni.

Í Borgarfirði eru margir áhugaverðir staðir og náttúruperulur sem vert er að skoða. Í Reykholti bjó Snorri Sturluson og þar var hann tekinn af lífi árið 1241. Þar er nú fræðastofnunin Snorrastofa, [www.snorrastofa.is](http://www.snorrastofa.is), sem er menningar- og



miðaldasetur, helgað minningu Snorra. Í Reykholti eru tvær kirkjur, hin eldri vígð 1887 en hin yngri 1996. Eitt þekktasta mannvirki í Reykholti er Snorralaug, kennd við Snorra Sturluson. Í Reykholti er rekið heilsárshótel. Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins og

þar er að finna burknann Skollakamb (*Blechnum spicant*) sem finnst hvergi annars staðar á Íslandi. Mikil ylraekt er í Deildartungu og á sumrin og fram á haust er þar sjálfsala á tómtum við hverinn. Hægt er að fara á vel útbúnum jeppum á Langjökul. Surtshellir er í nágrenninu, skammt

frá Kalmanstungu. Í Húsafelli hefur verið byggð upp góð aðstaða fyrir ferðafólk. Þar er sundlaug, bensínsala og verslun og er opið þar um helgar á veturna. Hraunfossar og Barnafoss eru líka fallegir og tilvalið að kynna sér þjóðsöguna um Barnafossinn áður en hann er skoðaður.

Einkunnir er fallegur útivistarstaður vestast í Hamarlandi við Borgarnes þar sem er mikill trjágróður og hefur mikið verið unnið til að gera svæðið að ákjósanlegu útivistarsvæði.

# Borgarnes

## Ráðhús Borgarbyggðar

Ráðhús Borgarbyggðar er að Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Þar er hægt að skrá breytingar á lögheimili og þangað á að skila inn umsóknum um húsaleigubætur. S. 433 7100.

[www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)

## Húsaleigubætur

Á [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is) er að finna umsóknareyðublað um húsaleigubætur.

Umsókn ásamt gögnunum á að skila í Ráðhús Borgarbyggðar í Borgarnesi. Sjá líka heimasíðu Nemendagarða - undir “húsnæði” á vef Lbhí.

## Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Bjarnarbraut 2. S 433 7600.

Opið mánudaga til föstudaga kl. 9-15.

Þinglýsingar samninga, ökuskrirteini, vegabréf og þar er umsjón almannatrygginga.

[www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

## Íþróttamiðstöðin

Í Borgarnesi er góð sundlaug og tækjasalur. Í vetur er opið á virkum dögum frá kl. 06:30 - 21 en um helgar frá kl. 09-18. Hægt er að fá árskort.

## Rútuferðir

milli Borgarnes og Reykjavíkur

Sjá heimasíðuna [www.trex.is](http://www.trex.is). S. 553 3737 og 840 6520.

## Endurvinnsla

Fjöliðjan – Kveldúlfsgötu

Í Fjöliðjunni er tekið við einnota gosumbúðum til endurvinnslu. Opið alla virka daga kl. 8.00 til 15.45.

## Ungmennafélagið Skallagrímur

Hægt er að sækja ýmsar íþróttæfingar með Ungmennafélaginu Skallagrími í Borgarnesi. [www.skallagrimur.is](http://www.skallagrimur.is).

### Apótek

Apótek er í Hyrnutorgi. S. 437 1168.

### Heilsugæslustöðin

Heilsugæslustöðin Borgarnesi er við Borgarbraut 65. S. 437 1400.

### Tannlæknar

Tannlæknastofa Arnar Ármanns Jónssonar og Önnu Gerðar Richter,  
Skallagrímshöfn 1.  
S. 437 1690.

Tannlæknastofa Hilmis Valssonar,  
Berugötu 12.  
S. 437 2223 og 897 3417.

### Dýralæknar

Dýralæknabjónusta Vesturlands ehf.,  
Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðsdýralæknir.  
S. 437 2200 og 892 3230.  
Edda Þórarinsdóttir, dýralæknir.  
S. 435 1454, 892 3552 og 852 3552.



### Bílar

Bífabjónusta Harðar ehf. er að Borgarbraut 55 en þar er smurstöð og dekkjaverkstæði.  
S. 437 1192.

Vélabær ehf. framkvæmir alhliða bíla- og búvélavíðgerðir. Fyrirtækið er í Bæjarsveit.  
S. 435 1252.

Bílabær sf. er að Brákarbraut 5.  
Alhliða bílavíðgerðir.  
S. 437 1300.

Frumherji hf. Bílaskoðun er að Sólbakka 2,  
opið þrjá daga í viku, mán. til mið. kl. 8-16.00.  
S. 570 9203.

### Spölur

Lykill í göngin fæst hjá N1 og OB bensín (Olís) í Borgarnesi. [www.spolur.is](http://www.spolur.is).

# Reykir

Reykir er landmikil jörð í Ölfusi rétt við Hveragerði. Land jarðarinnar nær milli Reykjafjalls og Varmár. Varmá er á mörkum sveitarfélaga, Hveragerði er handan árinna nema hvað sundlaugin í Laugaskarði tilheyrir Hveragerði. Reykir hafa löngum verið talin landnámsjörð en það er alls óvíst vegna þess að þá væri mjög stutt á milli landnáma, heimildir eru um að Hvammur og Núpar séu líka landnámsjarðir. Talað er um að Ingólfur Arnarson hafi haft vetursetu undir Ingólfsfjalli fyrsta veturinn á Íslandi. Til er þjóðsaga um að Karli þræll Ingólfs, annar þeirra sem fann öndvegissúlurnar, hafi sest að á Reykjum, a.m.k. er haft eftir Karla: “Því förum við um blómleg héröð til þess eins að byggja útsker þetta” og átti þá við Reykjavík. Einnig er til saga um að Ingólfur Arnarson hafi eytt síðustu æviárunum á Reykjum, þá orðinn blindur. Eftir dauða hans hafi hann verið heygður í Inghól á Ingólfsfjalli.

## Mötuneyti

Mötuneyti er starfrækt á Reykjum. Þar er boðið upp á hádegisverðarhlaðborð. Hægt er að velja um heita máltíð, súpu og salatbar eða súpu og brauð. Matarmiðar eru seldir á skrifstofunni á Reykjum. Sjálfsalar með gos- og heita drykki eru í mötuneyti.

## Húsnæði

Á heimavist á Reykjum eru í boði sex eins manns herbergi með aðgangi að eldhúsi, baði og setustofu. Oft hefur verið í boði leiguhúsnæði í Hveragerði og á Selfossi. Leitið upplýsinga á skrifstofu Starfs- og endurmenntunardeildar s. 433 5303. Netfang: [ingibjorg@lbhi.is](mailto:ingibjorg@lbhi.is).

## Líkamsrækt

Nemendur á Reykjum hafa ókeypis aðgang að sundlauginni í Laugaskarði.



## **Landbúnaðarháskóli Íslands**

Hvanneyri

311 Borgarnes

Sími: 433 5000 | Fax: 433 5001

lbhi@lbhi.is | www.lbhi.is